

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingu.

1. *Deiliskipulag frístundabyggaðar í Syðra-Langholti, Álfabrekka.*  
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingareitum fyrir 4 frístundahús á 11,0 ha landi sem liggur að norðanverðu að landi Bjargs.  
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2005.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í Reykjadal, Dalabyggð.*  
Gert er ráð fyrir 24 frístundalóðum á bilinu 4.900 m<sup>2</sup> – 8.900 m<sup>2</sup> á um 20 ha svæði norðan Þjóðveggar 344.  
Samþykkt í sveitarstjórn 9. mars 2005.
3. *Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og þjónustusvæðis, Sneið, á Flúðum, parhúsalóðir við Austurhof.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir einnar hæðar parhús við nýja götu sem kallast Austurhof. Á svæðinu var áður gert ráð fyrir stofnana-/þjónustulóð. Gatan tengist inn á Högnastíg sem liggur frá Hrunamannavegi.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. ágúst 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2006